

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 3. nóvember 2020
UST202010-152/B.S.
09.04.06

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Skógrækt - Fagranes í Öxnadal. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Fyrirhugað skógræktarsvæði er 74 ha að stærð og nær frá 280 m .y. s. Upp í 390 m. y. s. Skógræktarsvæðið er innan fjarsvæðis vatnsverndar á aðalskipulagi Hörgársveitar.


Gert er ráð fyrir að við gróðursetningu verði gætt að formminjum, votlendi og svæðum sem af öðrum sökum koma ekki til greina til skógræktar. Fyrirhugað er að efst í svæðið verði gróðursett birki frekar gisið til að efri mörk skógræktarsvæðisins verði ekki eins áberandi. Mjög lítið af áburði verður notað við gróðursetningu og engin varnarefni verða notuð í tengslum við skógræktina. Því er ekki talið að skógræktin muni í fyrstu hafa neikvæð áhrif á vatnsgæði og mögulega bætt vatnsgæði til lengri tíma.

Fram kemur að lögð verði áhersla á að fella skógræktina að landi. Á aðliggjandi jörðum er einnig skógrækt með svipuðu sniði og ráðgerð er í Fagranesi,

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Ísak Már Jóhannesson
Sérfræðingur